



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 29. desember 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson varamaður og Jón Ólafur Sigurjónsson varamaður. Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri sat fundinn einnig en notaðist við fjarfundabúnaðinn Teams.

Halldór G. Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Ákvörðun um útsvar vegna tekjuársins 2023

Fyrir fundinum lá samkomulag milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 16.12.2022 er varðar breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk. Í samkomulaginu felst hækkun á hámarksútsvari um 0,22%. Áréttað er að breytingin leiðir ekki til hækkunar heildarálaga á skattgreiðendum þar sem tekjuskattsálagning lækkar sem hækkuninni nemur.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

*„Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirbyggjandi samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 16.12.2022, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 16.12.2022, samþykkir sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2023 hækki um 0,22% og verði 14,74%.“*

Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum. Var sveitarstjóra falið að tilkynna breytinguna til fjármálaráðuneytisins.

#### 2. Álagningarreglur fasteignagjalda fyrir árið 2023

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga að álagningarreglum fasteignagjalda fyrir árið 2023:

##### Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,48%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,65%** af álagningarstofni.

##### Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

##### Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmarki 8.500 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 60.000 kr.

##### Holræsagjald:



Holræsagjald verði **0,24%** af fasteignamati lóða og mannvirkja.

**Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:**

Sorphirðugjald verði **85.800** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu.

Sorpeyðingargjald verði **27.000** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **9.600** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

**Leiga ræktunarlóða:**

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **9.900** kr./ha.

**Gjalddagar:**

Gjalddagar fasteignagjalda eru átta, frá 1. febrúar til 1. september, en á smærri upphæðum eru gjalddagar einn eða tveir. Gjalddagi á 0-30.000 kr. er 1. febrúar fyrir hvert fasteignanúmer, en skiptist í tvo gjalddaga 1. febrúar og 1. mars fyrir upphæðir á bilinu kr. 30.001-60.000.

**Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignaskatta elli- og örorkulífeyrisþega:**

Fasteignaskattur verður eingöngu lækkaður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur samkvæmt skattframtali næst liðins árs.

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. **50.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 4.110.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 6.717.000 kr/ári

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. **30.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 5.138.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 8.397.000 kr/ári

Tillagan með áorðnum breytingum var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

**3. Ákvörðun um námsstyrki til nemenda 2023**

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum um námsstyrki til framhaldsskólanema vegna 2023. Lagt er til að námsstyrkur fyrir 30 eininga nám muni nema 30.000 kr. fyrir heilt námsár eða 15.000 kr. per önn. Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

**4. Ákvörðun um frístundastyrki 2023**

Fyrir fundinum lá tillaga að upphæð frístundastyrkja vegna 2023 verði óbreytt á milli ára og nemi 25.000 kr. per barn. Var framlögð tillaga samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



## 5. Samningur um rekstur Umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu

Fyrir fundinum lá samningur um rekstur Umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu. Samningurinn er gerður með vísan til 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 þar sem fjallað er um skipan umdæmisráða. Með samningnum er umdæmisráðinu falin öll þau hlutverk sem því eru fengin í barnaverndarlögum og eftir atvikum öðrum lögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027 með endurskoðunarákvæði fyrir 31. desember 2023. Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða með fimm greiddum atkvæðum og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

## 6. Samningur um Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um sameiginlega barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Samningurinn er á milli sveitarfélaganna Fjallabyggðar, Húnabyggðar, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar og mun hann taka gildi 1. janúar 2023.

Með samningnum fela framangreind sveitarfélög Skagafirði að annast fyrir sig verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem ekki eru sérstaklega falin öðrum. Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag í umdæminu í skilningi 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og tekur yfir verkefni samkvæmt samningi þessum frá og með 1. janúar 2023.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning samhljóða með fimm atkvæðum og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagastrandar.

## 7. Breyting á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar – fyrri umræða

Lögð er fram breyting á Samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar dags. 1. apríl 2022 til fyrri umræðu sem sveitarstjóri fór yfir og skýrði. Nauðsynlegt er að gera breytingar vegna breyttrar skipan barnaverndarmála frá 1. janúar 2023 í samræmi við samninga um Barnaverndarþjónustu Mið – Norðurlands og Umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar nr. 366/2014, með síðari breytingum, og vísar til síðari umræðu sveitarstjórnar.“

Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



## 8. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 9:45

Halldór Gunnar Ólafsson

Arnar Ólafur Viggósson

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Jón Ólafur Sigurjónsson

Alexandra Jóhannesdóttir